



## Í FORVARNARSVEIT ER SÁÁ Í FRAMLÍNUNNI

### Hvatningarorð frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni

Við þekkjum öll hvernig áfengi og fíkniefni geta leikið einstaklinga grátt og lagt í rúst líf fjölskyldna, ættingja og vina.

Sársauki og örvænting setja svip á baráttuna; sorgin tíður gestur því oft er lífi og heilsu fórnad.

Áður en SÁÁ kom á vettvang var fátt til bjargar en með ötulu starfi hafa samtökin liðsinnt þúsundum Íslendinga.

Þeir eru margir sem á ný hafa orðið gæfumenn vegna hjálparinnar sem veitt var í meðferðinni. Án SÁÁ hefði fórnarkostnaður þjóðarinnar orðið til muna meiri.

SÁÁ hefur líka haft umtalsverð áhrif á viðhorf okkar, þekkingu og skilning, gefið okkur nýja sýn á mikinn vanda og hvernig hægt er að leiða vini og vandamenn á farsælli brautir.

Í forvarnarsveit okkar Íslendinga er SÁÁ í framlínunni, öflugt bæði í sókn og vörn. Því er áriðandi að veita samtökunum aukinn styrk. Það mun koma öllum til góða.

Ég þakka SÁÁ fórnfúst starf í þágu þeirra sem glíma við erfiðar þrautir, þakka fyrir nýja von sem SÁÁ hefur gefið okkur Íslendingum.

Þjóðin fagnar sérhverju tækifæri til að efla starfið sem SÁÁ hefur gert að aðalsmerki.

(undirskrift)